GJALDSKRÁ

fyrir ljósrit eða afrit sem veitt eru á grundvelli upplýsingalaga.

1. gr.
Gildissvið.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir ljósrit eða afrit af gögnum sem afhent eru samkvæmt beiðni á grundvelli upplýsingalaga.

2. gr.
Ljósrit eða afrit af skjölum.

Fyrir ljósrit eða afrit af skjölum er heimilt að krefjast 10 kr. fyrir hverja blaðsíðu í stærðinni A4 eða A5.

Fyrir ljósrit eða afrit skjala í stærðinni A3 er heimilt að krefjast 15 kr. fyrir hverja blaðsíðu og 20 kr. í stærðinni A2.

3. gr.
Endurritun skjala.

Þegar skjal er endurritað samkvæmt beiðni er heimilt að krefjast 150 kr. fyrir hverja blaðsíðu.

4. gr.
Afrit af öðrum gögnum.

Fyrir afrit af öðrum gögnum en skjölum, s.s. myndum, teikningum, örfilmum, myndböndum og hljóðupptökum, má heimta þann kostnað sem af afrituninni leiðir.

5. gr.
Aðkeypt þjónusta.

Þegar fjölföldunaraðstaða er ekki fyrir hendi eða umfang verks er slíkt er heimilt að fela öðrum að annast ljósritun, afritun eða endurritun skjala eða annarra gagna.

Fyrir aðkeypta þjónustu skal greitt samkvæmt reikningi þess er hana annast.

6. gr.
Gildistaka.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt heimild í 4. mgr. 12. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996 og öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 579/1996.

Forsætisráðuneytinu, 13. október 2004.

F. h. r.
Ólafur Davíðsson.

Halldór Árnason.